

# **Siðareglur**

## **kjörinna fulltrúa hjá Garðabæ**

### **1. gr.**

#### **Markmið**

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir Garðabæ og upplýsa íbúa um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Garðabæjar.

### **2. gr.**

#### **Starfsskýldur**

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Garðabæjar, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta almannahagsmunu, hagsmunu sveitarfélagsins og vinna að velferð bæjarbúa. Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákváðanatöku og að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Garðabæjar.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum koma fram af heiðarleika og kurteisi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsfólk bæjarins fulla virðingu í ræðu og riti, á samfélagsmiðlum og í framkomu. Kjörnir fulltrúar skulu leggja sig fram um að skapa í störfum sínum heilbrigtr vinnuumhverfi þar sem hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti, ógnandi eða annarri vanvirðandi framkomu er hafnað.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé sveitarfélagsins.

Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákváðanir sínar. Þeir skulu bera ábyrgð gagnvart bæjarbúum í heild sinni og svara fyrirspurnum almennings um framkvæmd þeirra starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar.

### **3. gr.**

#### **Valdmörk**

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Garðabæjar. Þeir skulu sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa Garðabæjar og starfsmanna bæjarins virðingu.

### **4. gr.**

#### **Hagsmunárekstrar**

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmunu sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Garðabæ lýkur. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til að hagnast á þeim persónulega eða að hjálpa öðrum að gera það. Kjörnum fulltrúum ber að forðast hagsmunárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hættá er talin á slíkum árekstrum. Um mat á hæfi þeirra við meðferð einstakra mál fer eftir ákvæðum 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993

Kjörnir fulltrúar, nefndarmenn og stjórnendur sem sitja í stjórnum, eða starfa hjá einkareknum eða opinberum félögum sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við sveitarfélagið skulu upplýsa um það.

**5. gr.**

**Gjafir og fríðindi**

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá íbúum, viðskiptamönnum eða þeim er leita eftir verkefnum eða þjónustu Garðabæjar ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

**6. gr.**

**Trúnaður**

Kjörnir fulltrúar gæta trúnaðar- og þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna, samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Garðabæjar, sem og um innihald skjala og annarra gagna sem þeir fá aðgang að starfa sinna vegna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögmætum og málefnalegum kröfum.

**7. gr.**

**Að virða hlutverk starfsmanna**

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Garðabæjar. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt sem hefur þann tilgang að verða kjörna fulltrúanum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila tengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

Tengiliður kjörinna fulltrúa við starfsmenn bæjarins er bæjarstjóri eða staðgengill hans.

**8. gr.**

**Stöðuveitingar**


Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélagini á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

**9. gr.**

**Miðlun siðareglina til kjörinn fulltrúa og almennings**

Kjörnum fulltrúum ber að tileinka sér þessar siðareglur og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir að hafa þær að leiðarljósi og staðfesti þann vilja í upphafi hvers kjörtímabilis. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki Garðabæjar, almenningi og fjölmilum á vef bæjarins.

Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Garðabæ voru samþykktar við síðari umræðu á fundi bæjarstjórnar 15. september 2022.



Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.